

## UMRÆÐAN

# Hvað má barnið heita?

*Ef fram heldur sem horfir er hætt við að á elliheimilum landsins eftir 60–70 ár verði Jón, Sigurður, Guðrún og Anna ekki lengur í meirihluta, heldur Alexandra, Kristófer, Aron og Birta.*

Við erum stödd í kirkju. Presturinn spyr: „Hvað á barnið að heita?“ „Fjallmundur Árgoði,“ segir móðirin og það kemur svipur á marga víðastadda. Presturinn fer þó ekki út af laginu og leggur hönd á höfuð barnsins yfir skírmarfontinum: „Fjallmundur Árgoði. Ég skíri þig í nafni föður, sonar og heilags anda. Amen.“

Ekki veit ég hvenær og hvort þessi athöfn mun fara fram en í fjótu bragði sé ég ekkert athuga-vert við nafnið Fjallmundur Árgoða.

## VIÐHORF

Eftir Björn Jóhann Björnsson

bjb@mbl.is

Þjóðlegt og náttúrulegt með sveitarómantískt yfirbragð. Samkvæmt skrá mannanafnanefndar hafa þessi nöfn ekki komið til umfjöllunar ennþá en mælist eitthvað meira gegn þeim en t.d. Dufpakur, Bambi eða Brynsteinn? Eitt þeirra nafna sem mannanafnanefndin lagði blessun sína yfir á síðasta ári var Fjalldís og einnig má sjá á mannanafnaskrá nafn eins og Árgils. En þegar þjóðskráin er skoðuð kemur í ljós að það heitir engin stúlka eða kona í dag Fjalldís og hvað þá heldur karl með nafninu Árgils.

Fjölmíðlar hafa verið duglegir að greina frá úrskurðum mannanafnanefndar og hefur fólk þá haft tækifæri til að hneykslast á nafngiftum eða lofa þær. Þegar nánar er að gáð rata ekki öll þessi nöfn í þjóðskrána. Annaðhvort hætta for-eldrarnir við að gefa börnum sínum þau skringilegu nöfn sem álits er óskað eftir hjá nefndinni eða að gárungar úti í bæ hafa hreinlega verið að stríða nefndarmönnum. Munu vera nokkur dæmi um hið síðarnefnda, að mér skilist.

Einnig skal þess getið að inn í mannanafnaskrá hafa verið færð fjölmörg nöfn úr eldri nafnaskrá og heimildum, nöfn sem engum dytti til hugar að nota í dag en þekktust fyrr á öldum, allt aftur til Íslendingasagnanna. Fá þessi nöfn að vera áfram á skránni þó að enginn beri þau í dag. Séu nýbakaðir foreldrar í vandræðum með nafngiftir ættu þeir að líta á vefinn [www.rettarheimild.is/mananafn](http://www.rettarheimild.is/mananafn). Þar eru vel yfir þrjú þúsund nöfn og fjölbreytileikinn nánast óendanlegur – og fáránleikinn um leið.

Enn sem komið er er Jón algengasta karlmannsnafnið á Íslandi og Guðrún algengasta kvenmannsnafnið. Eru Jónarnir vel á sjötta þúsundið og Gunnurnar annað eins. Að auki eru nöfn afar algeng eins og Sigurður, Guðmundur, Gunnar, Ólafur, Anna, Sigríður, Kristín og Margrét. En síðustu ár hafa sum þessara ágætuna nafna verið á undanhaldi og svonefnd „tískunöfn“ verið að ryðja sér til rúms. Ef fram heldur sem horfir er hætt við að á elliheimilum landsins eftir 60–70 ár verði Jón, Sigurður, Guðrún og Anna ekki lengur í meirihluta, heldur jafnvel Aron, Kristófer, Alexandra og Birta.

Af hverju þetta hefur gerst er erfitt að fullyrða um. Tískunöfnin hafa það yfirbragð að eiga ágætlega við ungbörn, saklaus og sæt, og svo virðist sem gömlu góðu nöfnin séu frekar tengd við eldra fólk. Það er eins og nýbakaðir foreldrar gleymi því í aðdraganda skírnað eða nafngiftar að börnin verði einhvern tímann gömul, hversu gáfulega sem það nú hljómar!

Sennilega er skýringin á nafnabyltingunni undanfarinn áratug sú að nýrri kynslóð hefur ekki þótt það nógu „töf“ eða „kúl“ að skíra börnin sín í höfuðið á öfunum og ömmunum. Þörf til að finna og gera eitthvað nýtt virðist hafa skapast, eldri kynslóðinni til ama, sem skilur ekkert í því af hverju börnin eru ekki kennd við einhvern úr ættinni. Hafi börnum verið gefin nöfn „út í loftið“ eru dæmi þess að eldra fólk hefur ekki viljað leggja sér þau nöfn í munn.

Nú skal þess getið að ég hef tekið þátt í þessari nafnabyltingu að hálfu leyti, börnin hafa fengið tvö nöfn þar sem annað er „út í loftið“ og millinafnið í höfuðið á feðrum okkar hjóna. Það skal viðurkennast hér og nú að stundum hefur samviskan nagad mig yfir því að hafa ekki fylgt gömlu nafnahefðinni í þau. Ekki er samviskubitið þó svo mikið að ég ætli að gefa börnum mínum ný nöfn því þau fengu bara ágætis nöfn sem eru þjál í munni. Í öðru tillitinu héldum við í sakleysi okkar að við hefðum komið niður á afar sjaldgæft nafn en þegar upp var staðið það árið höfðu hundruð annarra foreldra fengið sömu hugmynd. Þetta kom skemmtilega í ljós er við fórum með þann litla í ungbarnasund að af fimmtán drengjum voru fjórir nafnar, okkur til mikillar undrunar! Nú, tíu árum síðar, er þetta ágæta nafn farið að gera harða atölu að efstu sætum í þjóðskránni.

Nafngiftir eru mikið tilfinningamál og réttast er að veita fólk fullt frelsi í þeirri ákvarðanatöku. Að baki hverri ákvörðun eru líklega jafnmargar ástæður og ég er sennilega ekki sá eini sem hefur undrast afskipti ríkisvaldsins af nafngiftum. Starfandi er mannanafnanefnd, skipuð af dómsmálaráðherra, sem ber að veita ráðgjöf og úrskurða um nöfn. Fer hún einkum eftir því hvort nöfn hafa hlotið hefð í íslensku máli eða hvort þau geti tekið eignarfallsendingu. Berast nefndinni um 100 mál á hverju ári og athyglisvert er að úrskurðir hennar eru endanlegir, ekki er hægt að skjóta þeim til æðra stjórnvalds líkt og tíðkast í sumum málaflokkum. Fyrst á annað borð er verið að skipta sér af nafngiftum þá ætti áfrýjunarnefnd að vera til staðar.

Persónulega skil ég ekki af hverju nefndin hefur hafnað nöfn ein og Tímótheus, Aðalbjörgvin, Sív, Fínggákn og Eliza en leyft Orfeus, Nóvember, Kýrus og Atlas.

Hvað skyldi mannanafnanefnd segja um Fjallmundur Árgoða?

# Háskólafolk að slæpast?

**Pórhallur Guðlaugsson gerir athugasemdir við ritstjórnargrein Morgunblaðsins**

Í RITSTJÓRNARGREIN Morgunblaðsins þann 31. janúar kemur fram sjónarmið sem vakti athygli mína. Í greininni kemur fram að með því að bjóða upp á heilsárháskóla þá „yrði háskólanám full vinna“. Greinarhöfundur segir að þetta liggja auðvitað í augum uppi þegar á það er bent, „háskólar eru í raun bara þjónustufyrirtæki, sem selja menntun“. Greinarhöfundur tekur einnig mjög afdráttarlausa afstöðu í málinu þegar hann skrifar „Af hverju í ósköpunum ættu neytendur, nemendur háskólanna, að setta sig við að þjónustufyrirtæki sé lokað í 22 vikur á ári?“

Ætli allur almenn-ingur líti háskóla þessum augum? Er háskólanám bara hlutastarf? Er háskólar bara þjónustufyrirtæki sem selja vöru sína hæstbjóðanda? Er „þjónustufyrirtækið“ þá lokað í 22 vikur, þ.e. rúm 40% af árinu? Getur þetta verið og getur verið að mönnum sé full alvara þegar svona er sett fram?

## Háskólanám er full vinna

Það dylst engum er hefur stundað háskólanám að það er full vinna. Með tilkomu tölvupósts hef ég orðið var við að nemendur eru að sinna námi sínu á nánast öllum tímum sólarhringsins og mjög oft á tímum sem hinn venjulegi vinnandi maður á frí. Sumir nemendur vinna með námi og einstaka eru líklega í námi með vinnu. Þeir nemendur sem taka aðra vinnu fram yfir námið, útskrifast alla jafna ekki á þeim tíma sem skipulag námsins segir til um.

Í Háskóla Íslands er fullt nám, og þar með full vinna, 30 einingar á námsári eða 15 einingar að jafnaði í misseri. Með fullu námi er átt við að það endurspeglir alla námsvinnu stúdents og viðveru í kennslustundum og prófum. Háskólanám er því annað og meira en eingöngu viðvera í kennslustund. Stór hluti er sjálfsmál, þar sem nemandi situr löngum stundum við lestur fræðibóka, og verkefnavinna. Verk-

efnavinna með öðrum nemendum er mikilvæg en getur verið tímafrek. Auðvitað sinna nemendur vinnu sinni misvel og þeim sækist einnig námið misvel. En er það ekki einnig þannig á hinum almenna vinnumarkaði? Er sá vinnustaður til þar sem allir starfsmenn standa sig alltaf frábærlega?

## Er háskóli bara þjónustufyrirtæki?

Flestir sem einhverja reynslu hafa af starfi háskóla, átta sig á því að þeir lúta ekki sömu lögmálum og hefðbundin fyrirtæki. Háskólar eru flóknar einingar, sem miklu heldur má líkja við samfélag en fyrirtæki. Samfélagið samanstendur af ólíkum hópum, s.s. nemendum, kennurum, sérfræðingum, starfsfólki stjórnsýslu og hagsmunaaðilum. Háskóla-starfið snertir alla þessa hópa.

Að sjálfsögðu eiga háskólar að kappkosta að veita nemendum sínum eins góða menntun og nokkur kostur er. Nemendur vilja eðlilega að kennsluástaða sé góð, vinnu- og lesaðstaða sé til staðar, þeir hafi aðgengi að bókasafni og að starfsfólk sýni skilning og sé kurteist í framkomu. Námið gerir einnig miklar kröfur til nemandans sjálfs. Hann verður að sinna námi sínu af kostgæfni og leggja alúð við þau verkefni sem honum eru falin af kennurum sínum. Góð útkoma, sem við getum kallað góð þjónusta, krefst því mikils af skólanum en gerir ekki síður kröfur til nemandans sjálfs.

Háskóli Íslands er rannsóknarháskóli. Það hefur það í för með sér að aðeins hluti starfsmannar tengist kennslu. Stór hluti hennar, og hjá mörgum mikill meirihluti, tengist rannsóknum og stjórnsýslu margskonar. Hjá flestum háskóla-kennurum er allt að helmingur starfsins rannsóknir sem þeir sinna ásamt kennslu en ekki síst á þeim tíma þegar kennsla stendur ekki yfir.

## Háskóli Íslands starfar allt árið

Háskóli Íslands heldur úti starfsemi allan ársins hring. Það er

Þegar höfð er í huga sú umfangsmikla starfsemi sem fram fer í Háskóla Íslands, er illskiljanlegt hvernig nokkrum dettur það í hug að háskóli geti verið annað en heilsársháskóli, hvað þá að hann sé lokaður í 22 vikur á ári. 6

grundvallarmisskilningur að líta svo á að þegar ekki er kennsla eða próf, þá liggja starfsemin niðri. Kennsluárið er nokkuð mismunandi eftir deildum. Þannig hefst kennsla í sumum deildum 23. ágúst, s.s. sjúkrahjálfun, og í öðrum lýkur henni ekki fyrr en í júní, s.s. MBA námi í viðskipta- og hagfræðideild. Flestar deildir bjóða nemendum sínum að taka próf að hausti, á tímabilinu 15. til 25. ágúst. Rétt er þó að það komi fram að hefðbundin skilgreining á kennslumisseri er frá 1. september til 21. desember fyrir haustmisseri og frá 10. janúar til 15. maí fyrir vormisseri. Í lok haustmisseris, þ.e. frá 21. des. til 10. janúar, þurfa kennarar að fara yfir próf og verkefni og það sama á sér stað í lok vormisseris, en þá eru kennarar gjarnan að fara yfir próf fram í júní. Til viðbótar þurfa kennarar að undirbúa námskeið komandi misseris og aðstoða þá nemendur sem kjósa að skrifa ritgerð yfir sumartímum. Auk þess er kennslustarfsemin eins og áður sagði aðeins hluti af starfsemi Háskóla Íslands. Kennarar stunda rannsóknir og rannsóknartengda vinnu og innan Háskóla Íslands er fjöldinn allur af rannsóknum og þjónustustofnum sem starfa allt árið og hafa lokað í mesta lagi í 2–3 vikur yfir hásumarið. Og er þá ótalinn allur sá fjöldi nemandanna sem vinnur margvísleg verkefni tengd náminu yfir sumartímann.

Með framangreint í huga er það illskiljanlegt hvernig nokkrum dettur í hug að háskóli geti verið annað en heilsárháskóli, hvað þá að hann sé lokaður í 22 vikur á ári.

Höfundur er lektor í viðskipta- og hagfræðideild.

# Rétt frétt

**Pór Jónsson fjallar um fréttaflutning Stöðvar 2**

TILFINNINGALEGT rót kom á ýmsa þegar Stöð 2 upplýsti að yfirmenn verktakafyrirtækisins NCC vilji ekki bera ábyrgð á kostnaðaráætlun sem Árni Johnsen hefur undir höndum um jarðgöng til Vestmannaeyja.

Umræðan hefur dregið dóm af því upplýsingum og frétt Stöðvar 2 verður aflutt.

Í fréttinni sagði: „NCC þvær hendur sínar af Árna Johnsen og fullyrðingum hans um að fyrirtækið telji kostnað við jarðgöng til Vestmannaeyja aðeins helminginn af því sem Vegagerðin áætlaði.“ Talsmenn NCC hafa ekkert dregið í land og látið sig einu gilda þótt Árni Johnsen veifi þriggja síðna skýrslu frá starfsmanni fyrirtækisins í Færeyjum.

Almennur og landinu á rétt á slíkri vitneskju, einkum þegar skýrslan hefur orðið grundvöllur blaðamannafundar með sérfræðingum og stjórnmálamönnum (sem Stöð 2 sagði frá í fréttum) auk ósins borgarafundar í Vestmannaeyjum, þar sem miklir hagsmunir eru í húfi.

Frétt Stöðvar 2 var því bæði aðkallandi og rétt.

Vegna villandi gagnrýni á fréttina er rétt að geta þess að í henni var beinlínis gert ráð fyrir því að Árni Johnsen byggði á einhverjum upplýsingum frá fyrirtækinu. Aftur á móti var sagt að við þær upplýsingar ætlaði „NCC ekki að standa“. Þessu mótmæli enginn heildarlegur maður sem les fréttatextann. Fréttastofan hélt því ekki fram að Árni Johnsen segði ósatt. Réttbær talsmaður NCC hefur hins vegar ítrekað vísað á bug fullyrðingum um að Árni hafi í höndunum raunhæft kostnaðarmat frá fyrirtækinu.

Trúlega valda hinar afdráttarlausa yfirlýsingar Öyvinds Kvaal í framkvæmdastjórn NCC í Noregi hinum vanstilltu viðbrögðum við fréttinni, en það er ekki við fréttastofuna að sakast. Öyvind sagði m.a. um Árna Johnsen: „Við tókum ekki ábyrgð á því sem þessi maður segir opinberlega. Þetta er ekki okkar útreikningar og ekki tölur frá okkur.“

Þótt fréttastofa Stöðvar 2 og fleiri íslenskir fjölmiðlar reyndu síðar að reka þetta ofan í Öyvind Kvaal á

Fréttastofan hélt því ekki fram að Árni Johnsen segði ósatt. 6

grundvelli þeirra gagna sem Árni Johnsen sannanlega hefur frá verkefnisstjóra NCC í Færeyjum breytti það engu um afstöðu hans. Hann endurtók að þessi gögn kæmu fyrirtækinu ekki við. Raunar bætti hann um betur og mótmælti staðhæfingum skýrsluhöfundarins um að kostnaðarmat hans væri raunhæft.

Í tölvubréfi til mín dags. 31. janúar skrifar Öyvind Kvaal: „Í dag liggja engar greiningar fyrir af hálfu NCC sem unnt er að byggja marktæka kostnaðaráætlun á.“

Þessar upplýsingar er nauðsynlegt að hafa þegar hin svonefnda kostnaðaráætlun um jarðgöng til Eyja er metin. Og ekki síður um mæli skýrsluhöfundarins sjálfs um að ekki sé um eiginlega skýrslu að ræða, eins og hún hefur þó verið kynnt með mikilli víðhöfn, heldur einungis „minnisatriði“.

Fréttastofa Stöðvar 2 biðst afsökunar þegar hún flytur rangar fréttir. Þess gerist ekki þörf í þessu tilviki.

Höfundur er fréttamaður.